

Nd.

14. Frumvarp til laga

[14. mál]

um breyting á lögum nr. 4 31. janúar 1956, um framleiðslusjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. að greiða úr framleiðslusjóði uppbætur á söluverð sildar, sem söltuð verður árið 1956 norðanlands og austanlands. Uppbætur þessar mega nema kr. 57.50 fyrir hverja útflutta tunnu saltaðrar sildar miðað við 100 kg nettó þyngd. Heimildin er bundin við allt að 250 þús. tonn;
2. að greiða úr framleiðslusjóði 10 kr. uppbætur á fyrstu 250 þús. mál sildar, sem lögð er á land til bræðslu á Norður- og Austurlandi á árinu 1956;
3. að greiða úr framleiðslusjóði váttryggingariðgjöld af fiskiskipum í einn og hálfan mánuð, er síldveiðar stunda fyrir Norður- og Austurlandi sumarið 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 4 31. jan. 1956, um framleiðslusjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að sökum aukins framleiðslukostnaðar við veiði, verkun og vinnslu sildar, sé nauðsynlegt, til þess að hægt sé að stunda þennan atvinnurekstur, að heimila framleiðslusjóði með lögum að hlaupa hér undir bagga á sama hátt og gert er um aðrar útflutningsvörur.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að gera breyting á lögum um framleiðslusjóð, eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. að greiða úr framleiðslusjóði uppbætur á söluverð sildar, sem söltuð verður árið 1956 norðanlands og austanlands. Uppbætur þessar mega nema kr. 57.50 fyrir hverja útflutta tunnu saltaðrar sildar miðað við 100 kg nettó þyngd. Heimildin er bundin við allt að 250 þús. tonn;
2. að greiða úr framleiðslusjóði 10 kr. uppbætur á fyrstu 250 þús. mál sildar, sem lögð er á land til bræðslu á Norður- og Austurlandi á árinu 1956;
3. að greiða úr framleiðslusjóði váttryggingariðgjöld af fiskiskipum í einn og hálfan mánuð, er síldveiðar stunda fyrir Norður- og Austurlandi sumarið 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. júní 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.